

Mál nr. 5

ÍR gegn HK

Kæra ÍR

Daginn fyrir þennan leik höfðu þessi félag spilað leiki í A og B liðum, svo að eftir að leikar hófust fórum við (þjálfarar og þeir leikmenn sem höfðu verið varamenn B-liðsins daginn áður) að taka eftir því að margir leikmenn HK-liðsins voru þeir sömu og höfðu verið að spila bæði með A og B liðum HK-inga daginn áður. Þegar aðstoðarþjálfari okkar spurði umsjónarmann HK-liðsins út í málið í hálfleik sagði hann einungis þriðjung leikmanna síns liðs vera C-liðs menn, hinir væru A og B liðsmenn sem spilað höfðu daginn áður. Þess má til gamans geta að við ÍR-ingar vorum einungis 10 inná vellino þar sem ekki voru fleiri leikmenn til taks sem ekki höfðu verið að spila með A og B-liðum daginn áður.

Staðan í hálfleik var frekar slæm fyrir okkur, man hana ekki alveg en HK-ingarnir voru einhverjum 4-5 mörkum yfir. Í seinni hálfleik dró hins vegar allverulega til tíðinda. Umsjónarmaður HK-inga missti gjörsamlega stjórn á sínum leikmönnum sem fóru nú að stjórna liðinu að sjálfsdáðum. Einungis þrír leikmenn eru skráðir á skýrslu HK-inga sem varamenn en þegar mest var voru yfir tíu leikmenn hjá varamannabekk HK-inga sem skiptu sjálfum sér inn og út að vild. Margir þessara leikmanna voru A-liðsmenn sem komið höfðu seint að leiknum, og eru dæmi um leikmenn sem léku sér að því að láta skipta sér inná, hlaupu inn, skora eitt mark og skipta sér svo sjálfir aftur útaf. Þetta fannst leikmönnum, varamönnum, umsjónarmanni og öðrum HK-ingum mjög skemmtilegt og hlógu mjög auk þess að leikmenn liðsins kölluðu niðrandi orð til ÍR-liðsins, svo sem: „það er verið að niðurlægja ykkur!“. Ekki bætti úr skák þegar markmaður HK-liðsins, sem er einn besti útspilari A-liðsins, fór að hlaupa úr marki HK-inga og sóla upp völinn og, eins og HK-ingar orðuðu sjálfir, „niðurlægja“ ÍR-inga enn meira.

Við þetta fór undirritaður og spurði umsjónarmann HK-inga hvort honum þætti þessi framkoma leikmanna sinna við hæfi. Umsjónarmaður þessi reyndi ekkert, og þá meina ég ekkert, til þess að stoppa þessi ósköp og leyfði leikmönnum liðsins gjörsamlega að stjórna sér sjálfir, brjóta KSÍ reglur ítrekað og að mínu viti svarta ímynd knattspyrnudeildar HK mjög. Hann sagðist einungis vera að gera það sem honum hafði verið sagt að gera og að þeir væru einungis að reyna að skemmta sér. Þegar undirritaður sagði umsjónarmanni HK að ekkert væri í málinu nema að kæra leikinn sagði viðkomandi að það skipti engu, þeim væri alveg sama þó leikurinn tapaðist, þeir hefðu einungis spilað leikinn til að hafa gaman að.

Ég vil einnig taka það fram að oft í þessum aldurshópi spila leikmenn með tveimur liðum vegna skorts á mannskap auk þess sem að útspilalarar efri liða spila í marki neðri liða og myndi ég aldrei nokkurn tíman gera mál úr svoleiðis löguðu svo framanlega sem það sé innan skynsamlegra marka. Hins vegar er það þá undantekningarlaust rætt á milli þjálfara fyrir leik og þjálfarar í flestum tilvikum reyna þá að haga hlutum þannig að engin leiðindi komi upp. Umsjónarmaður HK-inga ræddi hvorki við okkur ÍR-inga um fyrirkomulag sitt fyrir leik né gerði nokkuð til þess að málin snérust upp í vitleysu og því eru allir ÍR-ingar og þeir sem heyrt hafa af þessu máli agndofa yfir þessari hegðun HK-inga og umsjónarmanns þeirra.

Eins og fyrr segir fannst okkur ÍR-ingum þessi framkoma HK-inga gjörsamlega óviðunandi og förum fram á að ekki einungis verði okkar liði dæmdur sigur, heldur viljum við einnig fá opinbera afsökunarbeiðni vegna þessa máls. Einnig hvet ég HK-inga eindregið til þess að láta umsjónarmann liðsins í þessum leik ekki stjórna fleiri leikjum liðsins þar sem hann er með einu móti hæfur í það starf. Sjálfur viðurkenndi hann getuleysi sitt í þeim efnum þegar hann sagðist ekki hafa neina stjórn á leikmönnum sínum. Fordæmi umsjónarmannsins var hræðilegt fyrir leikmenn HK-liðsins og trúi ég því að stjórn HK sé mjög óhress með framvindu mála.

Sigurður H. Höskuldsson, þjálfari 4. flokks ÍR

Úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2007, miðvikudaginn 22. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Kolbeini Árnasyni, Halldóri V. Frímannssyni og Þresti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 5/2007:

Knattspyrnudeild ÍR
gegn
Knattspyrnudeild HK

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild ÍR, kennitala: 560284-0399, Skógarseli 12, 109, Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður Magnús Valdimarsson, stjórnarmaður í unglíngaráði.

Kærði:

Knattspyrnudeild HK, kennitala 630981-0269, Fagralundi, 200 Kópvogi, Fyrirsvarsmaður Halldór Valdimarsson, formaður knattspyrnudeildar HK.

Kæran var móttækin af skrifstofu KSÍ 6. júlí sl. Kærða var gefinn kostur á skila greinargerð en gerði það ekki.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik ÍR og HK í Íslandsmóti C-liða fjórða flokks karla í knattspyrnu þann 29. júní 2007 verði breytt og ÍR verði úrskurðaður sigur í leik liðanna.

Kærði hefur ekki mótmælt kröfu kæranda.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik C-liða ÍR og HK í C. liði fjórða flokks karla í knattspyrnu þann 29. júní 2007 hafi fjöldi leikmanna C-liðs H.K verið ólöglegir þar sem þeir höfðu deginum áður leikið með A. eða B. liði HK gegn ÍR, jafnframt hafi aðeins hluti þeirra leikmanna sem skipt var inná verið á leikskýrslu, þá hafi leikmenn HK skipt sér inná og útaf að vild án afskipta umsjónarmanns liðsins og haft í frammi óíþróttamannslega framkomu. Jafnframt kemur fram að umsjónarmaður HK liðsins hafi aðspurður sagt að hann hefði ekki í hyggju að skipta sér af framgöngu HK liðsins.

III.

Kærði skilaði ekki inn greinargerð eða mótmælti með öðrum hætti málavaxtalýsingu eða kröfum kæranda.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er ekki ágreiningur um málsatvik en því er ómótmælt af hálfu kærða að fjöldi leikmanna C-liðs HK hafi verið ólöglegir, að aðeins hluti þeirra leikmanna sem tók þátt í leiknum hafi verið á leikskýrslu og að ekki hafi verið haldið utan um eða höfð afskipti af inná skiptingum í liðinu.

Með því, að atvik þessi þykja sönnuð verður, með vísan til greinar 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og greinar 12.1.1. í starfsreglum Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, fallist á kröfu kæranda.

Samkvæmt framanrituðu telst ÍR hafa unnið leikinn 3-0. Aga og úrskurðarnefnd KSÍ beinir því jafnframt til knattspyrnudeildar HK að tekið verði á máli þessu innan deildarinnar og tryggt að atvik sem þessi hendi ekki í framtíðinni.

V.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

VI.

Úrskurðarorð:

HK telst hafa tapað leik gegn ÍR í Íslandsmóti C-liða 4. flokks karla sem fram fór 29. júní 2007 með markatölunni 3-0.

Kolbeinn Árnason

Halldór V. Frímansson

Þröstur Ríkharðsson